



ÍÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi  
Erindi nr. P 122/243

komudagur 25.11.1997

	Dagsetning	Málsnúmer / Bréfalykill
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis b.t. Vilhjálms Egilssonar, formanns Þórshamri 150 Reykjavík	24. nóvember 1997	96100104 54.010

Meðfylgjandi er afstaða viðskiptaráðuneytis til tillagna sem ýmsir umsagnaraðilar hafa sent efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna umfjöllunar um frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

F.h.r.

Afstaða viðskiptaráðuneytisins til  
tillagna sem ýmsir umsagnaraðilar hafa sent  
efnahags-og viðskiptanefnd Alþingis  
vegna umfjöllunar um  
frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa

**2. gr. frumvarpsins**

Athugasemdir frá Verðbréfaþingi Íslands.

VÞÍ gerir tvær athugasemdir við skilgreiningu á eignarskráningu. Hin fyrri er að seinni hluti skilgreiningarinnar sé efnisregla sem betur eigi heima í 16. gr. um réttaráhrif skráningar. Seinni athugasemdin er að í viðskiptabréfareglum sé talað um lögformlega heimild en ekki lögformlega sönnun.

Ráðuneytið tekur undir þessar athugasemdir og leggur til breytingu á 2. og 16. gr.

*Mælt með:*

*3. mgr. 2. gr. hljóði svo: eignarskráning: útgáfa á rafbréfum í verðbréfamiðstöð og skráning eignarréttinda yfir þeim.*

**7. gr. frumvarpsins**

Athugasemd frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

SÍV telur óþarft að tilkynna beri bankaeftirliti Seðlabankans um breytingar á stjórn verðbréfamiðstöðvar og það eigi sér ekki hliðstæðu í lögum um íslenskan fjármagnsmarkað.

Ráðuneytið tekur undir athugasemd SÍV.

*Mælt með:*

*2. mgr. 7. gr. falli út.*

**10. gr. frumvarpsins**

Athugasemdir frá Íslenskum fjárfestum ehf. og fjármálaráðuneytinu.

Íslenskir fjárfestar ehf. telja eðlilegt að 3. tl. verði breytt á þann hátt að öll fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra hafi rétt til að hafa milligöngu um eignarskráningu í verðbréfamiðstöð en ekki einungis þau sem hafa heimild til fjárvörslu.

Fyrir ráðuneytinu vakti að einungis fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1996 gætu fengið þennan rétt. Nánari skoðun leiðir hins vegar í ljós að slíkt mun verulega skerða möguleika fyrirtækja sem einungis hafa heimild til miðlunar skv. 1. mgr. 9. gr. ofangreindra laga. Af þeim sökum tekur ráðuneytið undir athugasemd

Íslenskra fjárfesta ehf. Þess skal þó getið að einungis eitt fyrirtæki hefur fengið starfsleyfi viðskiptaráðherra og hefur það heimild skv. 2. mgr. 9. gr. laganna.

*Mælt með:*

*3. tl. 10. gr. hljóði svo: fyrirtæki í verðbréfaþjómustu.*

Fjármálaráðuneytið óskar eftir að Lánasýsla ríkisins fái heimild til milligöngu um eignarskráningu í verðbréfamiðstöð.

Ekki var í upphafi gert ráð fyrir að Lánasýsla ríkisins hefði þörf fyrir þessa heimild. Fjármálaráðuneytið bendir hins vegar á að ófyrirséð er hvernig fjármagnsmarkaðurinn muni þróast með tilkomu verðbréfamiðstöðvar og því þurfi Lánasýslan að hafa möguleika á heimild til milligöngu um eignarskráningar. Viðskiptaráðuneytið telur að það sé ekki tilgangurinn með frumvarpi þessu að þrengja starfsheimildir fjármálafyrirtækja og tekur því undir þessa athugasemd fjármálaráðuneytisins.

*Mælt með:*

*Á eftir 1. tl. komi nýr töluliður svohljóðandi: Lánasýsla ríkisins.*

### **11. gr. frumvarpsins**

Athugasemdir frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

SÍV gerir tvær athugasemdir við greinina. Sú fyrri lýtur að aðildarsamningum verðbréfamiðstöðva við reikningsstofnanir. Bent er á að reikningsstofnanir fái ekki sjálfkrafa heimild til að hafa milligöngu um eignarskráningu heldur þurfi að gera sérstakan samning þar að lútandi. Ef verðbréfamiðstöð synjar umsókn um aðildarsamning telur SÍV nauðsynlegt að unnt sé að kæra til annars aðila, þar eð það getur skipt sköpum fyrir afkomumöguleika fjármálafyrirtækja að það fái að taka að sér milligöngu um eignarskráningu verðbréfa.

Ráðuneytið tekur ekki undir þetta sjónarmið. Ráðuneytið telur ekki þörf á að lögbinda fleiri kæruleiðir en fyrir eru í frumvarpinu. Vísa má ágreiningi umsækjenda um aðildarsamning og verðbréfamiðstöðvar til dómstóla, þó vissulega megi búast við að sú leið taki of mikinn tíma fyrir kæranda. Verðbréfamiðstöðvar munu móta reglur um gerð aðildarsamninga og umsókna. Í slíkum reglum væri unnt að vísa ágreiningi til gerðardóms. Verðbréfamiðstöð hefur hag af því að reglur af þessu tagi séu skilvirkar og gagnsæjar. Ráðuneytið telur því ekki þörf á lagafyrirmælum um þetta atriði.

Seinni athugasemd SÍV lýtur að aðgangi verðbréfasjóða að upplýsingum um skráða eigendur hlutdeildarskírteina. SÍV telur að orða megi síðasta málslið 3. mgr. með skýrari hætti.

Ráðuneytið tekur undir þessa athugasemd.

*Mælt með:*

*Síðari málsliður 3. mgr. orðist svo: Hið sama gildir um aðgang verðbréfasjóða að upplýsingum um eigendur hlutdeildarskírteina í viðkomandi verðbréfasjóði.*

**12. gr. frumvarpsins**

Athugasemdir frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Verslunarráði.

SÍV og VÍ gera athugasemd við 3. tölul. 1. mgr. en þar er heimild fyrir ráðherra að setja reglugerðarákvæði um gjaldskrá verðbréfamiðstöðva. Þessir umsagnaraðilar telja óeðlilegt að ráðherra ætli sér að stjórna verðlagningu á þjónustu einkafyrirtækis.

Ráðuneytið leggst fremur gegn því að athugasemd þessi verði tekin til greina. Ráðuneytið viðurkennir þó að það kann að skjóta skökku við að hafa slíkt heimildarákvæði inn í lögum um fyrirtæki á samkeppnismarkaði.

Í frumvarpinu er að finna almenn skilyrði fyrir því að mega stofna og starfrækja verðbréfamiðstöð. Hins vegar er, eins og rakið er í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins, ekki talið líklegt að veruleg samkeppni komist á um þennan rekstur. Í því sambandi hefur verið nefnt að stofnsetningu fylgi bæði fyrirhöfn og kostnaður sem hæpið er að fleiri en einn aðili leggi út í hér landi, a.m.k. fyrst um sinn. Ráðuneytið telur því eðlilegt með hliðsjón af aðstæðum nú þegar frumvarp þetta er flutt að þar sé að finna öryggisákvæði af því tagi sem lagt er til í 3. tölul. 1. mgr.

Eitt meginmarkmiðið með stofnun verðbréfamiðstöðvar er að lækka kostnað reikningsstofnana, fjárfesta og útgefenda við umsýslu verðbréfa. Engin ástæða er til að ætla annað en sú verði raunin í framkvæmd en ráðuneytið telur að framangreint ákvæði sé mikilvægt öryggisákvæði sem aðeins verði gripið til undir sérstökum kringumstæðum. Reynslan sýnir að það getur verið erfitt fyrir Samkeppnisstofnun að beita sér þegar markaðsráðandi fyrirtæki eiga í hlut.

**14. gr. frumvarpsins**

Athugasemdir frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Verslunarráði.

SÍV bendir á að óþarfi sé að vísa sérstaklega til tölvunefndar í 2. mgr.

Ráðuneytið bætti 2. mgr. inn í frumvarpið á milli þinga. Ákaflega mikilvægt er að rík þagnarskylda hvíli á verðbréfamiðstöð varðandi þá starfsemi sem þar fer fram. Líklegt má telja að ímynd verðbréfamiðstöðvar meðal almennings fari að miklu leyti eftir því hvort menn treysta því að upplýsingar um skráð réttindi fari ekki undir nokkrum kringumstæðum út úr miðstöðinni. Hins vegar er full þörf á að nýta það tækifæri sem verðbréfamiðstöðin gefur til að veita sem bestar upplýsingar um markaðinn, svo sem um fjölda viðskipta, heildarumfang viðskipta, fjölda verðbréfaeigenda eftir aldri og kyni o.s.frv. Ráðuneytið mælir frekar með því að ákvæðið standi óbreytt að þessu leyti og vísað verði til tölvunefndar til áréttingar.

VÍ bendir á að 2. mgr. sé í málfarslegu ósamræmi við 1. mgr.

Ráðuneytið tekur undir nauðsyn þess að breyta 2. mgr. með hliðsjón af athugasemd VÍ.

*Mælt með:*

*2. mgr. orðist svo: Verðbréfamiðstöð er heimilt að veita upplýsingar í hagtöluskyni að fenginni heimild tölvunefndar.*

**15. gr. frumvarpsins**

Athugasemdir frá Seðlabanka Íslands, Undirbúningsfélagi Verðbréfaskráningar Íslands, Verðbréfaþingi Íslands og Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

Varðandi 1. mgr. benda Seðlabankinn og SÍV á að kveðið sé á um eina tiltekna aðferð við efnalok viðskipta, þ.e. nettun. Seðlabankinn segir að óeðlilegt sé að binda fyrirkomulag efnaloka við nettun eða jöfnun greiðslna þar sem samtímabókun greiðslna kynni að vera öruggari og í betra samræmi við alþjóðlegar venjur.

Ráðuneytið tekur undir þessa athugasemd. Við undirbúning að stofnun verðbréfamiðstöðvar hefur hingað til verið gert ráð fyrir að greiðslum yrði jafnað á milli reikningsstofnana í lok dags, líkt og tíðkast á öðrum Norðurlöndum. Óþarfi er hins vegar að binda þessa aðferð í lög, ef í ljós kemur að aðrar aðferðir reynast betri.

*Mælt með:*

*Úr 1. mgr. falli niður svigi með orðinu "nettun".*

SÍV, UVÍ og VPÍ gera athugasemd við samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva og Seðlabankans. SÍV telur eðlilegt að kveða á um tilvist og verkefni slíkrar nefndar í reglugerð. UVÍ og VPÍ telja hins vegar að betur færi á því að Verðbréfaþing fengi beina aðild að samráðsnefndinni þar eð það er lögbundið hlutverk þingsins að setja reglur um uppgjör viðskipta með tilliti til fjárhagsstöðu þingaðila.

Ráðuneytinu þykir eðlilegt að tengsl Seðlabankans og verðbréfamiðstöðvar séu lögfest með þessum hætti. Vegna hlutverks seðlabanka hefur víðast verið litið svo á að þeim beri að stuðla að því að greiðslumiðlunarkerfi séu hagkvæm og örugg. Af þessum sökum er lagt til að samráðsnefndin verði lögfest. Vera kann að æskilegt sé að Verðbréfaþing komi einnig að samráðsnefndinni. Í ljósi framkomins frumvarps til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, þar sem m.a. er lagt til að einkaréttur Verðbréfaþings verði afnuminn, er ekki ljóst hver aðkoma Verðbréfaþings að samráðsnefndinni eigi að vera. Ráðuneytið bendir á að æskilegt sé að móta tillögu um þetta efni í samráði við Seðlabankann, Verðbréfaþing og Undirbúningsfélag Verðbréfaskráningar Íslands. Miðað við að frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða nái fram að ganga þá gæti eftirtalin viðbót við 2. mgr. komið til álita: "Í samráðsnefnd er auk þess heimilt að skipa einn fulltrúa fyrir kauphöll eða skipulegan tilboðsmarkað vegna uppgjors viðskipta sem fram fara í verðbréfamiðstöð sem starfar skv. lögum þessum".

**16. gr. frumvarpsins**

Athugasemd frá Verðbréfaþingi Íslands.

Með hliðsjón af athugasemd VPÍ við 2. gr. frumvarpsins leggur ráðuneytið til breytingu á 16. gr. Jafnframt er mælt með að kveðið verði á um að eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð skuli gagnvart “útgefenda” jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu, en ekki “skuldara”.

*Mælt með:*

*2. mgr. orðist svo: Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginn lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu.*

**18. gr. frumvarpsins**

Athugasemd frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

SÍV telur enga ástæðu til að bankaeftirlit Seðlabanka staðfesti samninga sem gerðir eru á milli reikningsstofnunar og verðbréfamiðstöðvar skv. 3. mgr.

Ráðuneytið mælir með því að ákvæðið verði óbreytt. Ástæðan er sú að mikilvægt er að virkt og viðtækt eftirlit sé með jafn þýðingarmikilli starfsemi og hér um ræðir. Því er miðað við það í frumvarpinu að bankaeftirlitið verði í sem bestri aðstöðu til að hafa eftirlit með starfseminni. Miklu máli skiptir að tilkynningar til rétthafa skráðra verðbréfa séu með þeim hætti að enginn vafi leiki á um réttindin. Eðlilegt þykir að sá aðili sem eftirlit hefur með verðbréfamiðstöðvum staðfesti jafn mikilvæga samninga og hér um ræðir.

**19. gr. frumvarpsins**

Athugasemd frá Verslunarráði.

Í umsögn Verslunarráðs er gerð tillaga um að bætt verði við “lögræðisskortri” sem fullgildri mótbáru.

Ráðuneytið telur að ekki eigi að taka þessa tillögu til greina. Ástæða þess er sú að ólögráða aðilar, t.d. börn, geta orðið reikningseigendur í verðbréfamiðstöð þó svo að fjárráð þeirra séu í höndum annarra, t.d. foreldra. Á reikning ber að skrá eiganda og þann sem að lögum hefur ráðstöfunarréttinn. Í dönskum lögum um verðbréfamiðstöð hefur lögræðisskortur verið undanskilinn af þessari ástæðu. Þess má geta að ákvæði í íslenskum og dönskum lögum um þinglýsingar eru hliðstæð, þ.e. í þeim lögum er lögræðisskortur talinn upp. Að öðru leyti vísast til ágætrar greinargerðar varðandi þetta atriði í umsögn Verðbréfaþings Íslands, sbr. 7. tölul. umsagnarinnar.

**20. gr. frumvarpsins**

Athugasemdir frá Undirbúningsfélagi Verðbréfaskráningar Íslands og Verðbréfaþingi Íslands.

UVÍ bendir á að 2. mgr. geri ráð fyrir að verðbréfamiðstöð hafi milligöngu um millifærslu fjármuna og réttinda fyrir hönd útgefanda rafréfs. Þannig muni miðstöðin m.a. hafa milligöngu um greiðslu arðs inn á reikninga hluthafa í hlutafélögum. Hlutafélag kann hins vegar að vilja sjá um greiðslu arðs til hluthafa.

Hagkvæmni rafrænnar eignarskráningar verðbréfa felst að verulegu leyti í þeim möguleika sem kerfið býður upp á fyrir útgefendur og reikningsstofnanir til að miðla greiðslum til fjárfesta. Miðlun greiðslna frá útgefendum skuldabréfa vegna afborgana er mjög mikilvægur þáttur í starfsemi verðbréfamiðstöðva. Samhliða því sem útgefandi gefur verðbréfamiðstöð skipun um greiðslu afborgunar inn á reikning fjárfestis lækkar skuldabréfaeign fjárfestisins í verðbréfamiðstöðinni, sbr. ákvæði 34. gr. um að lokafærsla verðbréfamiðstöðvar um greiðslu afborgunar og vaxta inn á reikning til eignarskráðs rétthafa hafi sama gildi gagnvart skuldara og áritun á skuldabréf. Af þessu fyrirkomulagi er mikið hagræði.

Hins vegar kunna útgefendur hlutabréfa að kjósa að hafa annan hátt á við greiðslu arðs til hluthafa. Arður er ákveðinn af hlutafélagi án tengsla við ákvæði á hlutabréfinu sjálfu, ólíkt greiðslu afborgana af skuldabréfi. Af þessum sökum býður 2. mgr. ekki upp á nægilegan sveigjanleika fyrir útgefendur. Ráðuneytið mælir því með breytingu á þessari mgr.

*Mælt með:*

*2. mgr. hefjist svo: Verðbréfamiðstöð hefur heimild til milligöngu um millifærslu fjármuna og réttinda...*

UVÍ bendir á að rétt sé að nefna mótbárur sem ekki glatist í sömu röð í 19. og 20. gr.

*Mælt með:*

*Síðasti másl. 2. mgr. orðist svo: Þetta á þó ekki við ef krafa skráðs rétthafa er byggð á samningi sem er ógildur vegna þess að hann er byggður á meiri háttar nauðung eða fölsun.*

**22. gr. frumvarpsins**

Athugasemd frá Verðbréfaþingi Íslands.

Rétt er að tekinn verði ákveðinn greinir af orðinu verðbréfamiðstöð í 1. másl. greinarinnar.

*Mælt með:*

*Í 1. másl. standi: ...þá skal hún gera verðbréfamiðstöð viðvart... o.s.frv.*

**25. gr. frumvarpsins**

Athugasemd frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Verslunarráði og Undirbúningsfélagi Verðbréfaskráningar Íslands.

SÍV leggur til að einungis ein úrskurðarnefnd fjalli um öll ágreiningsmál sem kunna að koma upp, þó svo að fleiri en ein verðbréfamiðstöð kunni að verða stofnaðar.

Ráðuneytið tekur undir þetta.

Mælt með:

*1. másl. 1. gr. breytist svo: ".....til úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva."*

VÍ telur óeðlilegt að ráðherra setji reglur um greiðslu kostnaðar fyrir meðferð kærumáls og birtingu úrskurða.

Ráðuneytið telur eðlilegt að veitt sé heimild til þess að krefja aðila máls um greiðslu kostnaðar fyrir meðferð kærumáls og birtingu úrskurðar. Hér um að ræða þrönga heimild til þess að krefja aðila máls um greiðslu kostnaðar sem fylgir kærumáli. Eðlilegt er slíkur málskostnaður verði felldur á aðila í samræmi við úrslit máls með svipuðum hætti og tíðkast hjá dómstólum. Heimildin er einnig þrengri en t.d. heimild sem er í lögum nr. 45/1997, um vörumerki, en þar er veitt heimild til þess að krefja aðila máls um gjald vegna áfrýjunar í vörumerkja-og einkaleyfamálum. Nánar er kveðið á um það gjald í reglugerð nr. 673/1996. Ráðuneytið telur eðlilegt að ákvæði frumvarpsins verði ekki breytt varðandi þetta atriði.

SÍV og UVÍ benda á að í 4. mgr. eru engin mörk á því hversu fljótt úrskurður skuli tilkynntur eftir að hann er kveðinn upp. Þetta sé óheppilegt fyrst fresturinn í 1. mgr. 27. gr. telst vera frá þeim tíma þegar úrskurðurinn er kveðinn upp en ekki frá því að hann er tilkynntur.

Ákvæði 4. gr. er í samræmi við stjórnsluulög en ekki er tiltekinn frestur um birtingu en um það gildir meginregla 1. mgr. 9. gr. stjórnslulaga, þ.e. að birting skal fara fram *svo fljótt sem unnt er* (sjá einnig bls. 214 í skýringarriti um stjórnsluulög, eftir Pál Hreinsson). Hér verður því að gera ráð fyrir því að úrskurðarnefndin hlutist til um að úrskurður hennar verði tafarlaust tilkynntur og birtur aðilum málsins, eftir að hann er uppkveðinn. Ráðuneytið telur því ekki rétt að tiltaka sérstakan frest í 4. mgr. 25. gr. Hins vegar kann það að vera skýrara að miða frest skv. 27. gr. við það tímamark að úrskurður hafi verið tilkynntur aðila málsins, sjá nánar um það undir aths. við 27. gr.



**27. gr. frumvarpsins**

Athugasemdir frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Undirbúningsfélagi Verðbréfasráningar Íslands.

Bent hefur verið á að öruggara sé að miða frest skv. 1. mgr. við það úrskurður hafi verið tilkynntur aðila máls, fremur en við það tímamark þegar að úrskurður er uppkveðinn. Ráðuneytið getur fallist á það sjónarmið en við samningu frumvarpsins var fresturinn hafður lengri en t.d. í dönskum lögum um þetta efni af því að ákveðið var að miða við uppkvaðningu úrskurðarins.

*Mælt með:*

*Lokaorð 1. mgr. hljóði svo: ...” innan tveggja vikna frá því að hann er tilkynntur aðilum máls.”*

**28. gr. frumvarpsins**

Athugasemdir frá Undirbúningsfélagi Verðbréfasráningar Íslands og Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

SÍV leggur eindregið til að fallið verði frá tillögum frumvarpsins um hlutlæga ábyrgð verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnana í 28. og 29. gr. frumvarpsins. Í tillögunum felist að vikið sé frá þeirri meginreglu skaðabótaréttarins að bótaskylda sé eingöngu til staðar hafi aðili sýnt af sér saknæma háttsemi. UVÍ gerir ekki athugasemd við að verðbréfamiðstöðvar axli hlutlæga ábyrgð á tjóni í tilteknum tilvikum en telur óeðlilegt að verðbréfamiðstöðin beri hlutlæga ábyrgð vegna meiri háttar nauðungar eða fölsunar, sbr. 3. mgr. 28. gr. og síðasta málslið 2. mgr. 20. gr. UVÍ telur að engin ástæða sé til að aðrar réttarreglur gildi að þessu leyti um verðbréf í rafrænu formi en verðbréf í formi pappírs en ef Alþingi telur ekki ástæðu til að fella niður hlutlæga ábyrgð vegna meiri háttar nauðungar eða fölsunar þá sé eðlilegra að reikningsstofnanir beri þessa ábyrgð.

Ráðuneytið vill gera stutta grein fyrir þessu mikilvæga máli. Brýn þörf er á því að settar verði reglur sem stuðli að því að almenningur bíði ekki fjárhagslegt tjón ef mistök verða í starfsemi verðbréfamiðstöðvar. Það er mikilvægt að aðilar viti að verði þeir fyrir tjóni vegna þess að eitthvað fer úrskeiðis við framkvæmd skráningar eigi þeir rétt á bótum og þurfi í því sambandi ekki að sanna saknæma háttsemi hjá verðbréfamiðstöð eða reikningsstofnun. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja traust almennings á hinu nýja fyrirkomulagi. Sú hlutlæga ábyrgð sem fram kemur í 1. mgr. 28. gr. og 29. gr. á því fullan rétt á sér.

Í 3. mgr. 28. gr. er ákvæði sem tekur til þess þegar grandlaus þriðji aðili verður fyrir tjóni þar sem samningur um rafréf er ógildur vegna fölsunar eða meiriháttar nauðungar. Danska verðbréfamiðstöðin ber hlutlæga bótaábyrgð gagnvart grandlausum þriðja aðila. Rökin fyrir þessu fyrirkomulagi eru fyrst og fremst þau að aðili á að geta treyst því að það sem skráð er í verðbréfamiðstöð sé rétt.

Hins vegar er hægt að færa rök gegn þessu fyrirkomulagi. Nefnt hefur verið að það er vart sanngjarnt gagnvart verðbréfamiðstöð. Tjónstilvikið varðar með engum hætti starfsemi verðbréfamiðstöðvar. Verðbréfamiðstöð er því ekki í þeirri stöðu að geta haft

áhrif á það hvort slíkt tjonstilvik verði, ólíkt því sem á við þegar tjonstilvik varðar skráningarstarfsemina.

3. mgr. 28. gr. á sér nokkra hliðstæðu í þinglýsingarlögum. Í 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, er að finna bótaákvæði, þar sem bótaábyrgð er felld á ríkissjóð í vissum tilvikum þegar bótakrefjandi á sjálfur ekki sök á því tjóni sem orðið hefur. Meginsjónarmiðið hér er að grandlaus tjonþoli hefur treyst á opinbera skráningu sem síðar reynist ekki rétt. Í Danmörku eru einnig sambærileg ákvæði í þinglýsingalögum sem fella ábyrgð á ríkissjóð þar í landi undir svipuðum kringumstæðum. Til hliðsjónar í þessum sambandi má t.d. vísa til d-liðar 49. gr. þinglýsingarlaga.

Varðandi ábyrgð reikningsstofnunar og að hún hafi fremur en verðbréfamiðstöð bein samskipti við eigendur rafbréfa og kunni því að bera ábyrgð á tjoninu fremur en verðbréfamiðstöð þá verður í hverju einstökum máli að skoða málsatvik og fella ábyrgð á rétta aðila í samræmi við það. Í 3. mgr. 28. gr. er vísað til þess að þannig aðstæður kunni að koma upp og ber verðbréfamiðstöð aðeins ábyrgð fáist það ekki bætt samkvæmt almennum reglum, en líta verður svo á að hún kunni að geta eftir atvikum átt kröfu á hendur reikningsstofnun í einstökum málum.

Ráðuneytið mælir frekar með því að 3. mgr. standi óbreytt en að vísu séu rök með og á móti þessu fyrirkomulagi.

### **29. gr. frumvarpsins**

Athugasemd frá Verðbréfaþingi Íslands.

VÞÍ bendir á að samræma mætti orðalag 29. gr. við það orðalag sem notað er í 28. gr. Ráðuneytið telur að það fari betur á því að það verði gert og orðalagi 1. másl. breytt skv. því.

*Mælt með:*

*1. másl. 1. gr. hljóði svo: ..... "tjóns sem rekja má til starfsemi hennar" .... o.s.frv.*

### **30. gr. frumvarpsins**

Athugasemd frá Verslunarráði.

VÍ bendir á að það auki réttarfarslegt öryggi hugsanlegs tjonþola að bæta inn ákvæði í 30. gr. um að verðbréfamiðstöð og reikningsstofnanir beri sameiginlega ábyrgð í þeim tilvikum þegar ljóst er að tjon megi rekja til annars hvors aðilans þó svo að ekki takist að sanna á fullnægjandi hátt hvor er hinn eiginlegi tjonvaldur.

*Mælt með:*

*Ný mgr., 1. mgr. hljóði svo og færist aðrar mgr. aftur: Þegar tjon má rekja til starfsemi verðbréfamiðstöðvar eða reikningsstofnunar, sbr. 28. og 29. gr., en ekki liggur ljóst fyrir hvor aðilanna ber ábyrgð á tjóni, er þá heimilt að stefna þeim sameiginlega (in solidum) til greiðslu skaðabóta. Um endurkröfu milli stefndu fer samkvæmt almennum reglum.*

**32. gr. frumvarpsins**

Athugasemd frá Verslunarráði.

VÍ telur að heimildir bankaeftirlitsins séu of rúmar í þessari grein. Eftirlitsaðili eigi einungis að grípa inn í rekstur ef háttsemi rekstraraðila sé farin að hafa neikvæð áhrif, þ.e. sé óeðlileg, ótraust eða óheilbrigð.

Ráðuneytið telur eðlilegt að breyta orðavali í þessari grein með hliðsjón af athugasemdum VÍ.

*Mælt með:*

*1. málsl. orðist svo: ".....að háttsemi reikningsstofnana sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust er því heimilt að svipta hlutaðeigandi rétti.....".*

**34. gr. frumvarpsins**

Athugasemd Undirbúningsfélags Verðbréfaskráningar Íslands.

UVÍ telur að þessi grein eigi frekar heima inn í 20. gr. um réttaráhrif skráningar.

Ráðuneytið tekur undir þetta sjónarmið.

*Mælt með:*

*34. gr. verði 3. mgr. 20. gr.*

**Ákvæði II. til bráðabirgða**

Athugasemd frá Undirbúningsfélagi Verðbréfaskráningar Íslands.

UVÍ bendir á að ákaflega mikilvægt sé að öllum ápreifanlegum verðbréfum í tilteknum verðbréfaflokki verði skilað inn til rafrænnar skráningar þannig að ekki verði bæði um rafréf og pappírskráningu í sama flokki að ræða.

Ráðuneytið hefur skilning á því sjónarmiði sem UVÍ setur fram, enda hefur það kynnst þessu sjónarmiði í samskiptum sínum við norrænar verðbréfamiðstöðvar. Ljóst er að umsýsla þegar útgefna verðbréfa getur verið erfið fyrir útgefendur ef þeir nota jöfnum höndum pappír og rafrænt skráð verðbréf. Það eykur hættu á mistökum og getur auðveldlega rýrt tiltrú almennings á kerfinu. Hins vegar telur ráðuneytið að það auki ekki tiltrú almennings á kerfinu ef eigendur verðbréfa verða lögpvingaðir til að afhenda þegar útgefin pappírskráningu í skiptum fyrir rafræna skráningu. Ráðuneytið telur að með mikilli og góðri kynningu geti útgefendur og reikningsstofnanir með jákvæðum hætti hvatt verðbréfaeigendur til að skipta yfir í rafræna skráningu. Hugsanlegt er að bjóða upp á hvata af einhverju tagi fyrir verðbréfaeigendur til að skiptin yfir í nýtt kerfi gangi sem greiðlegast fyrir sig.

Ljóst er að mikil hagkvæmni er fólgin í því að nota þessa tækni við útgáfu verðbréfa og reynslan hefur sýnt að verulegt hagræði og aukið öryggi fylgir henni jafnframt fyrir

eigendur bréfanna. Eftir að verðbréfamiðstöð tekur til starfa verður þetta mun augljósara fyrir útgefendur verðbréfa á fjármagnsmarkaði svo og almenning.

Nefna má í lokin að félag það sem nú undirbýr stofnun verðbréfamiðstöðvar hér á landi er rétt að fara af stað og ekki hefur verið mótað hvernig best sé að standa að yfirfærslu verðbréfa í nýtt kerfi.

Af ofangreindu leiðir að ráðuneytið mælir ekki með því á þessu stigi að ákvæði verði sett í lög sem þvingi verðbréfaeigendur til að skipta yfir í rafræna skráningu.